

# Hvernig metum við áhrif laga? Aðferðafræði, verkaskipting og áskoranir

Þriðjudag, 18. febrúar 2020

Icelandair hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52

**Fundarstjóri:** Bryndís Hlökkversdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis

**9.00 - 9.15 Setningarávarp:** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

**9.15 - 10.45 Samspil stofnana við mat á áhrifum lagasetningar og tengsl við samráð**

Hvernig hefur mat á áhrifum lagasetningar þróast í ólíkum löndum? Hverjir leika þar aðalhlutverk og hvernig er samvinnu milli þeirra háttað? Hvernig fléttast mat á áhrifum inn í löggjafar- og reglusetningarferlið? Er mati á áhrifum beitt bæði í aðdraganda lagasetningar og til að líta um öxl? Hver eru tengslin við samráð og aðra aðkomu almennings? Hversu mikilvægt er að mat á áhrifum sæti óháðu gæðaeftirliti?

Páll Þórhallsson skrifstofustjóri, forsætisráðuneytinu

Hlynur Hreinsson hagfræðingur, fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Kristin Johnsrud ráðgjafi, Regelrádet í Noregi

Philipp Aepler, aðstoðarframkvæmdastjóri Regulatory Policy Committee í Bretlandi

*Umræður og viðbrögð:*

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Hildur Eva Sigurðardóttir, forstöðumaður nefndasviðs Alþingis

**10.45 - 11.00 Kaffihlé**

**11.00 - 12.30 Aðferðir við mat á áhrifum lagasetningar og hæfni til að standa undir kröfum**

Hvaða aðferðir hafa reynst best við mat á áhrifum? Verkaskipting milli sérfræðinga úr ólíkum áttum. Hvernig er hægt að auka hæfni opinberra stofnana til að framkvæma mat á áhrifum? Aðgengi að gögnum til að styðja við mat á áhrifum. Hvernig er best að nýta takmarkaðan tíma og mannafla? Meðferð tillagna um margslungna og samtvinnuð löggjöf.

Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri, fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Stian Hervik Frantzen ráðgjafi, Regelrádet í Noregi

Andrew Hallett ráðgjafi, Regulatory Policy Committee í Bretlandi

*Umræður og viðbrögð:*

Víðir Smári Petersen lögmaður og Heimir Skarphéðinsson lögfræðingur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

### **12.30 - 13.30 Hádegisverður**

### **13.30 - 15.00 Áhrif á mismunandi sviðum**

Mat á áhrifum lagasetningar er misjafnlega rótgróið eftir málefnasviðum. Hvernig er hægt að byggja á reynslu á einu sviði til að bæta gagnreynda löggjafarvinnu almennt?

Samkeppni á markaði: Ania Thiemann, sérfræðingur hjá OECD

Jafnrétti kynjanna: Herdís Sólborg Haraldsdóttir sérfræðingur, forsætisráðuneytinu

Fyrirtæki og atvinnulíf: Stian Hervik Frantzen, ráðgjafi, Regelrådet í Noregi, Daniel Weaver, hagfræðingur, Regulatory Policy Committee, Bretlandi

*Umræður og viðbrögð:*

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, og

Pétur Reimarsson, verkfræðingur á samkeppnishæfnisviði Samtaka atvinnulífsins

### **15.00 - 15.15 Kaffihlé**

### **15.15 - 16.30 Áskoranir í nútíð og framtíð**

Hverjar eru helstu áskoranir við að þróa áfram gagnreynda löggjöf og reglusetningu? Samspil stjórn mála, hagsmunaaðila og stjórnsýslu. Hlutverk þjóðþinga sem aðalhandhafa löggjafarvalds. Alþjóðavæðing og áhrif í einstökum ríkjum. Eru sumar pólitískar ákvarðanir of afdrifaríkar til þess að mat á áhrifum nái utan um þær? Eru viðfangsefni löggjafar að verða flóknari og hvernig er best að takast á við það? Geta tækniframfarir og gervigreind nýst við að bæta löggjöf?

Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Alþingis

Kristin Johnsrud ráðgjafi, Regelrådet í Noregi

Philipp Aepler, aðstoðarframkvæmdastjóri Regulatory Policy Committee í Bretlandi

*Umræður og viðbrögð:*

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Jón Steindór Valdimarsson alþingismaður

### **Málþingið fer fram á ensku**



#### **Stjórnarráð Íslands**

Forsætisráðuneytið

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið